



Outlook

Horfum fram á veginn - dagskrá og skráning

From Sólveig Gísladóttir - VG <solveig.gisladottir@vegagerdin.is>

Date Tue 2026-03-17 14:27

To Sólveig Gísladóttir - VG <solveig.gisladottir@vegagerdin.is>

Góðan daginn

Dagskrá ráðstefnu Vegagerðarinnar Horfum fram á veginn liggur fyrir og skráning stendur yfir. Á ráðstefnunni verður sjónum beint að verkefnastýringu stórframkvæmda og viðhalds.

- Ráðstefnan fer fram á Hótel Reykjavík Grand 15. apríl næstkomandi.
- Fjallað verður um eina stærstu áskorun í innviðauppbýggingu á Íslandi, hvernig Vegagerðin tekst á við innviðaskuld, skipulagningu, stýringu og forgangsroðun framkvæmda og viðhalds á skilvirkan og sjálfbæran hátt.
- Dan Gardner, annar höfunda metsölubókarinnar How Big Things Get Done, verður aðalfyrirlesari á ráðstefnunni. Í erindi sínu, Getting Big Things Done On Budget And On Time, fjallar Gardner um það sem skiptir hvað mestu máli í stórum verkefnum; hvernig hægt er að skila þeim á réttum tíma og innan fjárhagsramma.
- Meðal annarra fyrirlesara er Michael Ebbesen, framkvæmdastjóri mannvirkjasviðs hjá Vejdirektoratet, (dönsku Vegagerðinni). Hann greinir frá því hvernig danska Vegagerðin vann á mikilli uppsafnaðri innviðaskuld með áhrifaríkum hætti.

[Hlekkur á dagskrá og skráningu](#)



Sólveig Gísladóttir

Sérfræðingur á samskiptadeild
Communications Officer

sogi@vegagerdin.is
[+354 522 1008](tel:+3545221008)
[+354 695 4943](tel:+3546954943)

Vegagerðin
Icelandic Road and
Coastal Administration

Suðurláun 3, 210 Garðabær
vegagerdin.is

Um ábyrgð á tölvupósti

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur (og viðhengi hans) er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum (og viðhengjum hans) biðjum við þig að gæta fyllsta trúnaðar, hvorki lesa upplýsingarnar, skrá þær hjá þér né nota þær á nokkurn hátt og tilkynna okkur samstundis að upplýsingarnar hafi ranglega borist þér. Brot gegn þessu kunna að varða bótaábyrgð og refsingu samkvæmt lögum.

English

Please note that this e-mail and its attachments are intended for the named addressee only and may contain information that is confidential and privileged. If you have by coincidence or mistake or without specific authorization received this e-mail and its attachments we request that you notify us immediately that you have received them in error, uphold strict confidentiality and neither read, copy, nor otherwise make use of their content in any way. Unauthorized use of this email may result in liability and be punishable by law.

Horfum fram á veginn

- **15. apríl 2026**
- **Hotel Reykjavík Grand**
- **4. hæð, 9:00–16:10**

Ráðstefna um verkefna-
stýringu stórframkvæmda
og viðhalds.

Opnun ráðstefnu

Bergþóra Þorkeldsdóttir
Forstjóri, Vegagerðin

Ávarp ráðherra

Eyjólfur Ármannsson
Innviðaráðherra

Fundarstjóri er

G. Pétur Matthíasson

Dan Gardner

Aðalfyrirlesari er Dan Gardner, kanadískur verðlaunablaðamaður og metsöluhöfundur á lista New York Times. Bækur hans, þar á meðal *Superforecasting* og *How Big Things Get Done*, hafa mótað alþjóðlega umræðu um hvernig megi bæta ákvarðanatöku og stýringu flókinna verkefna. Verk hans hafa verið gefin út í tugum landa og þýdd á yfir tuttugu tungumál.

Getting Big Things Done on Budget and on Time

Dan Gardner
Rithöfundur og verðlaunablaðamaður

Asset Management - Focus on Operation and Maintenance of State Roads in Denmark

Michael Ebbesen
Framkvæmdastjóri reksturs og viðhalds,
Vejdirektoratet (danska Vegagerðin)

Protecting the Value of the Nation's Greatest Asset

Arnís Ósk Ólafsdóttir Arnalds
Framkvæmdastjóri mannvirkjasviðs, Vegagerðin

Pallborðsumræður

Dan Gardner, Michael Ebbesen,
Bergþóra Þorkeldsdóttir og
Arnís Ósk Ólafsdóttir Arnalds

Slitlög á mannamáli

Bergþóra Kristinsdóttir
Framkvæmdastjóri þjónustusviðs, Vegagerðin

Gagnadrifin ákvarðanatöku í viðhaldi

Oddur Hagalín Sigurðsson, forstöðumaður
stoðsviðs og Pálmi Þór Sævarsson, svæðisstjóri
Vestursvæðis, Vegagerðin

Sjálfs hjálparfyrirlestur fyrir stjórnendur á tímum óvissu og óhættu

Þórður Víkingur Friðgeirsson
Dósent, Háskólinn í Reykjavík

Verkefnastjórnsýsla hjá Vegagerðinni

Margrét Silja Þorkeldsdóttir
Svæðisstjóri Norðursvæðis, Vegagerðin

Samgönguáætlun í framkvæmd: Hver er árangurinn?

Guðmundur Valur Guðmundsson
Framkvæmdastjóri þróunarsviðs, Vegagerðin

Varðan - verkefnastjórnunarkerfi Vegagerðarinnar

Rúna Ásmundsdóttir
Deildarstjóri tæknideildar Norðursvæðis, Vegagerðin

Af hverju tekur allt svona langan tíma?

Bryndís Friðriksdóttir
Svæðisstjóri Höfuðborgarsvæðis, Vegagerðin



Vegagerðin



Skráning og nánari
upplýsingar um dagskrá
á vegagerdin.is

**Nefnda- og greiningarsvið Alþingis**

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Alþingi, Kirkjustræti

101 Reykjavík

Flóahreppi, 19. mars 2026

Efni: Umsögn Flóahrepps um 501. mál – sveitarstjórnarlög

Vísað er til erindis frá nefnda- og greiningarsviði Alþings dags. 06.02.2026 varðandi mál til umsagnar nr. 501 – sveitarstjórnarlög.

Sveitarstjórn Flóahrepps vill koma á framfæri eftirfarandi umsögn vegna ofangreinds máls.

Að mati sveitarstjórnar Flóahrepps er mikilvægt að lagaumhverfi sveitarstjórnarstigsins sé reglulega skoðað og að lagaumhverfi styðji við og efli stjórnsýslu sveitarfélaga á Íslandi. Í framlögðu frumvarpi eru þó atriði sem sveitarstjórn vill gera athugasemdir við.

Sveitarstjórn leggur ríka áherslu á að fullt sjálfsforræði sveitarfélaga verði virt, sbr. 1. gr. frumvarpsins, og áréttar að allar breytingar sem fela í sér aukið inngríp ríkisvalds í málefni sveitarfélaga, hvort sem er með beinum eða óbeinum hætti, ganga gegn grundvallarreglum um sjálfstjórn sveitarfélaga og lýðræðislegan rétt íbúa, sbr. 78. gr. stjórnarskrár og Evrópusáttmála um sjálfstjórn sveitarfélaga. Það er grundvallaratriði að mati sveitarstjórnar Flóahrepps að ákvarðanir um sameiningu sveitarfélaga skuli ávallt byggja á frjálsum vilja íbúa og sitjandi sveitarstjórna. Í framlögðu frumvarpi er fallið frá beinu frumkvæðisvaldi ráðherra en engu að síður er felur frumvarpið í sér aukinn þrýsting í átt til sameininga, meðal annars með ákvæðum um skyldu til að taka sameiningarviðræður til skoðunar, sem getur grafið undan raunverulegu sjálfsforræði sveitarfélaga.

Sveitarstjórn gerir jafnframt alvarlegar athugasemdir við þær breytingar sem lagðar eru til á regluverki um samvinnu sveitarfélaga og að þeim þáttum sem snúa að rekstri byggðasamlaga. Í framlögðu frumvarpi er verið að gera sveitarfélögum erfitt fyrir með auknu flækjustigi í samvinnu og rekstri byggðasamlaga. Að mati sveitarstjórnar er þarna verið að fara leiðir sem ætlað er að draga úr vilja, getu og áhuga sveitarfélaga til samstarfs og má að vissu leyti horfa svo á að með flóknu regluverki, óljóstri ábyrgðarskiptingu og auknu álagi á stjórnsýslu sé verið að þrýsta á sveitarfélög að hætta samstarfi um ákveðin lögbundin verkefni og þannig nýta það til að þvinga í gegn sameiningar sveitarfélaga á annan hátt heldur en með lágmarks íbúafjölda í hverju sveitarfélagi. Mörg smærri sveitarfélög á landsbyggðinni sinna mjög góðri nærþjónustu við sína íbúa og í sumum tilfellum hentar samvinna og rekstur byggðasamlaga til



að halda utanum ákveðin verkefni. Með því er íbúum tryggð þjónusta en sveitarfélög byggja upp faglega starfsemi og rekstur á þyngri málaflokkum þar sem t.d er þörf á mikilli sérfræðiþekkingu svo sem í skipulagsmálum eða velferðarmálum.

Sveitarstjórn gerir einnig athugasemdir við þær breytingar sem lúta að fjármálareglum sveitarfélaga varðandi það sem snýr að lækkun þröskulds fyrir skyldu til að framkvæma mat á áhrifum fjárfestinga, lántöku og ábyrgða úr 20% í 10% af skatttekjum. Sú breyting væri íþyngjandi fyrir sveitarfélög þar sem mun fleiri verkefni falla undir ítarlegt áhrifamat, sem hefur í för með sér aukinn kostnað vegna aðkeyptrar sérfræðiþjónustu og aukið álag á stjórnslu sveitarfélaga.

Í eins viðamiklu máli og endurskoðun á sveitarstjórnarlögum er leggur sveitarstjórn Flóahrepps áherslu á að virkt samráð um málið eigi sér stað við sveitarfélög landsins.

Sveitarstjórn gerir athugasemdir við mjög stuttan frest sem veittur er til umsagna vegna málsins og hvetur til þess að frestur verði framlengdur.

Það er von sveitarstjórnar Flóahrepps að tekið verði tillit til ofangreindra sjónarmiða áður en frumvarp um sveitarstjórnarlög verður afgreitt.

Virðingarfyllt,
f.h. sveitarstjórnar Flóahrepps
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

OPINBER INNKAUP - Bréf frá Samkeppniseftirlitinu

From Samkeppniseftirlitid <Samkeppni@samkeppni.is>

Date Thu 2026-03-26 15:58

 1 attachment (239 KB)

OPINBER INNKAUP - Bréf til sveitarfélaga.pdf;

Góðan daginn.

Dagana 17.-19. febrúar 2026 efndu Samkeppniseftirlitið, Stjórnarráðið og OECD til ráðstefnu og tveggja vinnustofa þar sem fjallað var um samkeppni og hið opinbera, þar á meðal leiðir til að efla skilvirkni og auka verðmætasköpun fyrir samfélagið. Í meðfylgjandi bréfi eru dregnar ályktanir af umræðum um **opinber innkaup og opinber útboð** og mikilvægi þess að samkeppnisyfirlönd og stofnanir ríkis og sveitarfélaga eigi virkt samtal um leiðir til að tryggja samkeppni á þessu sviði.

Með kveðju,

Páll Gunnar Pálsson

Forstjóri



www.samkeppni.is | [Fyrirvari](#)

Til sveitarfélaga

Reykjavík, 26. mars 2026
Tilv. 2510006

Opinber innkaup – Niðurstöður vinnustofu og ráðstefnu

1. Þann 19. febrúar 2026 efndu Samkeppniseftirlitið, Stjórnarráðið og OECD til ráðstefnu þar sem fjallað var um samkeppni og hið opinbera, þar á meðal leiðir til að efla skilvirkni og auka verðmætasköpun fyrir samfélagið. Sérfræðingar OECD höfðu framsögu og fram fóru pallborðsumræður með þátttöku innlendra og erlendra sérfræðinga, fjármálaráðherra og fulltrúa úr stjórnarsýslu og atvinnulífi. Nánari upplýsingar um fundinn má nálgast á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins, þ. á m. glærुकyningar og upptökur.¹
2. Á ráðstefnunni var m.a. fjallað um mikilvægi þess að samkeppnisyrivöld og stofnanir ríkis og sveitarfélaga eigi virkt samtal um leiðir til að tryggja samkeppni í opinberum innkaupum. Jafnframt var rætt um mikilvægi þess að vinna gegn samkeppnishindrunum í regluverki með betri samvinnu og skipulagningu innan stjórnarsýslunnar.
3. Í aðdraganda fundarins voru haldnar tvær vinnustofur, annars vegar um opinber innkaup og leiðir til að verjast ólögsmætu samráði í útboðum og hins vegar um samkeppnismat á lögum og reglum. Vinnustofurnar voru vel sóttar, en allmargir innkaupaaðilar (stærri innkaupastofnanir, sveitarfélög o.fl.) og flest lykiloráðuneyti áttu þar fulltrúa.
4. Á síðustu mánuðum hefur Samkeppniseftirlitið einnig hitt stjórnendur allmargra innkaupastofnana og átt ítarleg samtöl við fjármála- og efnahagsráðuneytið, Fjársýsluna o.fl. Er þessi vinna liður í því að uppfylla þau hlutverk Samkeppniseftirlitsins að tala fyrir leiðum til að efla samkeppni og uppræta möguleg lögbrot í útboðum.
5. Með bréfi þessu vill Samkeppniseftirlitið minna á mikilvægi vandaðra innkaupa (kafli 1), draga saman helstu niðurstöður umræðunnar á ofangreindum fundum (kafli 2) og leita sjónarmiða um hvernig standa megi að málum í framhaldinu (kafli 3).

1. Nánar um opinber innkaup

6. Opinber innkaup nema nú um stundir hundruðum milljarða króna á ári hverju. Samráð í innkaupum er sérstaklega skaðlegt og er til þess fallið að valda hinu opinbera, og þar með almenningi, stórfelldu tjóni. Á hinn bóginn eru vel útfærð útboð til þess fallin að hið opinbera fái meiri og betri þjónustu eða vörur fyrir lægra verð.

¹ Sjá upplýsingasíðu um fundinn:
<https://www.samkeppni.is/utgafa/frettir/samkeppni-og-hid-opinbera-ad-miklu-er-ad-vinna-fyrir-islenskt-atvinnulif-og-almening/>



7. Alþjóðleg reynsla sýnir því að árvekni og vandað verklag í útboðum skilar miklum ábata fyrir hið opinbera. Um leið geta vönduð útboð, þar sem samráð bjóðenda fær ekki þrífist, örvað samkeppni á mörkuðum og þannig stuðlað að því að fleiri keppi í sambærilegum útboðum í framtíðinni.
8. OECD hefur beint [tilmælum](#) til aðildarríkja um beitingu útboða í opinberum innkaupum. Jafnframt hefur OECD uppfært og gefið út [leiðbeiningar](#) um varnir gegn ólögmætu samráði í útboðum (Guidelines for Fighting Bid Rigging in Public Procurement). Þar er bent á leiðir til þess að auka samkeppni í útboðum og koma auga á mögulegt samráð í útboðum. Íslensk útgáfa leiðbeininganna var kynnt á fundunum.²
9. Reynslan sýnir að ávinningur af því að uppræta samráð, ásamt bættri hönnun útboða með það markmiði að fjölga mögulegum bjóðendum, getur skilað samfélaginu umtalsverðum ávinningi. Rannsóknir sem OECD vitnar til sýna að aukning kostnaðar vegna samráðs í opinberum innkaupum getur verið **20%** eða hærrí.
10. Í þessu sambandi má minna á að í skýrslu [nr. 7/2024](#) er fjallað um niðurstöður könnunar sem Samkeppniseftirlitið lét framkvæma á meðal stjórnenda íslenskra fyrirtækja árið 2023. Þar kemur fram að tæpur þriðjungur íslenskra stjórnenda skynjar samráð á þeim mörkuðum sem fyrirtæki þeirra starfa. Rúmlega fjórðungur (27%) þeirra sem hafa orðið varir við ólögmætt samráð töldu að samráðið tengdist útboðum.

2. Helstu niðurstöður umræðna á vinnustofu og ráðstefnu

11. Á vinnustofunni um opinber innkaup var fjallað um hlutverk Samkeppniseftirlitsins og túlkun á banni við ólögmætu samráði í útboðum. Þá fjölluðu sérfræðingar OECD um hönnun útboða og rauð flögg í útboðsferli. Sérstaklega var fjallað um vísbendingar um ólögmætt samráð í útboðum, en í leiðbeiningum OECD um baráttu gegn samráði í útboðum er dregin saman reynsla fjölda ríkja og stofnana og dreginn lærdómur af henni. Þá fjölluðu sérfræðingar OECD og Samkeppniseftirlitsins um útilokun bjóðenda í útboðum.
12. Mjög gagnlegar umræður spunnust um þessi atriði, bæði á vinnustofunni og ráðstefnunni. Að mati Samkeppniseftirlitsins má draga saman eftirfarandi niðurstöður úr umræðunum:
13. Í fyrsta lagi er mikilvægt að **efla samskipti milli þeirra sem annast innkaup** fyrir hið opinbera, bæði milli innkaupastofnana á vegum ríkisins, sveitarfélaga innbyrðis og milli stofnana ríkisins og sveitarfélaga. Tilhögun og undirbúningur útboða virðist í ýmsum tilvikum ólíkur frá einum innkaupaaðila til annars og árangur jafnframt mismunandi. Þótt ýmis sérsjónarmið gildi um innkaup á einstökum sviðum og munur sé á t.d. lyfjainnkaupum, samningum um heilbrigðisþjónustu eða kaupum á verktakaþjónustu, virðist ljóst að ólíkir aðilar geta haft gagn af því að miðla reynslu og þekkingu.

² Recommendation of the Council on Public Procurement, adopted on 18/02/2015.

[OECD Legal Instruments](#)

OECD Guidelines for Fighting Bid Rigging in Public Procurement (2025 Update).

[What is bid rigging?: OECD Guidelines for Fighting Bid Rigging in Public Procurement \(2025 Update\) | OECD](#)



14. Í öðru lagi **skortir aðgengi að heildstæðum upplýsingum** um innkaup og útboð. Sameiginlegur gagnagrunnur ríkis og sveitarfélaga um útboð og framkvæmd þeirra myndi gera innkaupastofnunum betur kleift að læra af reynslunni og koma auga á vísbendingar um óeðlilega háttsemi, s.s. samráð í útboðum. Gagnagrunnur af þessu tagi myndi jafnframt styrkja eftirlit Samkeppniseftirlitsins. Samkeppniseftirlitið og fjármálaráðuneytið hafa verið í samskiptum um þetta, en síðasta haust stóð eftirlitið fyrir vinnustofu þar sem fjallað var um þetta sérstaklega. Hefur Samkeppniseftirlitið látið ráðuneytinu í té tillögur sem fela í sér breytingar á fyrirbyggjandi útboðsvef, sem þjóna myndu þessum tilgangi.
15. Í þriðja lagi er nauðsynlegt að **endurskoða reglur og verklag er varðar upplýsingagjöf í tengslum við útboð**. Á vinnustofunni kom m.a. fram að birting kostnaðaráætlana fyrir útboð er ekki í samræmi við æskilegt verklag og er til þess fallið að samræma tilboð, mögulega í andstöðu við lög. Þá þarf einnig að huga að verklagi við birtingu niðurstöðu útboða, þ.m.t. tilboða.
16. Í fjórða lagi er mikilvægt að koma á **skipulegu verklagi við tilkynningar innkaupastofnana til Samkeppniseftirlitsins**, þegar þær verða varar við vísbendingar um óeðlilega háttsemi í útboðum. Á vinnustofunni og á ráðstefnunni hvatti Samkeppniseftirlitið alla aðila sem verða varir við óvenjulega háttsemi í tengslum við útboð að hafa óformlega samband við eftirlitið og leita ráðgjafar. Er sú hvatning ítrekuð hér með. Áréttu ber að innkaupastofnanir eða aðrir aðilar sem telja sig búa yfir vísbendingum um óeðlilega háttsemi þurfa ekki að leggja mat á það hversu sterkar vísbendingarnar eru. Það mat á að vera í höndum Samkeppniseftirlitsins.

3. Úrbótataækifæri

17. Með vísan til alls framangreinds blasa við úrbótataækifæri sem til þess eru fallin að styrkja opinber innkaup, með það að markmiði auka hagkvæmni í ríkisrekstri, styrkja nýsköpun og efla samkeppni á fjölþættum sviðum atvinnulífs. Er það til hagsbóta fyrir ríki og sveitarfélög í síðari innkaupum, en einnig í þágu almennings og fyrirtækja. Aðgerðir af þessu tagi eru til þess fallnar að styðja við markmið ríkisstjórnarinnar um að halda niðri kostnaði og þar með hagræða í ríkisrekstri.
18. Samkeppniseftirlitið kallar því eftir áframhaldandi samtali um a) öflugra samstarf innkaupastofnana, b) heildstæðari og betri gagnagrunn um útboð, c) endurskoðun á upplýsingagjöf í tengslum við útboð og d) þéttari samskipti innkaupastofnana við Samkeppniseftirlitið, e.a. með skýrari ferlum er varðar tilkynningar um möguleg brot á samkeppnislögum.
19. Gagnlegt væri að fá sjónarmið ráðuneyta og innkaupastofnanna um framangreind atriði eða önnur atriði sem brýnt er talið að taka til umfjöllunar. Jafnframt verður fjallað nánar um þessi mál í samskiptum Samkeppniseftirlitsins og fjármála- og efnahagsráðuneytisins Meðal annars kemur til álita að Samkeppniseftirlitið hafi afskipti af upplýsingagjöf í tengslum við útboð og uppfæri og endurskoði álit nr. 4/2009, um opinber útboð, samkeppni og samkeppnishindranir. Er ráðuneytum og innkaupastofnunum jafnframt boðið að koma á framfæri sjónarmiðum um það.

Virðingarfyllst,

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

Magnús Þór Kristjánsson

Stefna um opinbera þjónustu

From Samband íslenskra sveitarfélaga <samband@samband.is>

Date Fri 2026-03-27 09:38

To Samband íslenskra sveitarfélaga <samband@samband.is>

 1 attachment (335 KB)

Stefna um opinbera þjónustu - Mars 2026.pdf;

Til allra sveitarfélaga og framkvæmdastjóra sveitarfélaga

Um þónokkurt skeið hefur verið í vinnslu að gefa út stefnu um opinbera þjónustu. Stefnan er unnin af fjármála- og efnahagsráðuneytinu í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og eru drög að henni meðfylgjandi.


Stöðumat og valkostir stefnunnar fóru í samráðsgátt fyrir jól og má sjá þá afurð, ásamt umsögnum, hér: [Samráðsgátt | Mál: S-216/2025](#).

Þjónustustefnan tekur til þjónustu bæði ríkis og sveitarfélaga. Mikilvægi þess að samræma þjónustu þvert á stjórnsýslustigin er ein helsta áhersla stefnunnar með það að markmiði að veita betri, aðgengilegri og hagkvæmari þjónustu.

Í stefnunni er horft á þjónustu hins opinbera á heildstæðan hátt. Stefnan mun því koma í stað [stefnu hins opinbera um stafræna þjónustu](#) sem kom út árið 2021 sem mun í kjölfarið falla úr gildi. Áfram er lögð áhersla á að stafræn samskipti séu helsta samskiptaleið hins opinbera við almenning en á sama tíma dregin fram nauðsyn þess að aðrar samskiptaleiðir séu opnar.

Næsta skref er að vinna aðgerðaáætlun sem á að fylgja stefnunni. Sambandið hvetur sveitarfélög til að senda Sambandinu ábendingar um stefnuna og ábendingar um mögulegar aðgerðir á netfangið samband@samband.is

Með kveðju,




Samband íslenskra sveitarfélaga
Icelandic Association of Local Authorities
Sími / Tel.: (+354) 515 4900
www.samband.is / samband@samband.is
[Lagalegur fyrirvari](#) / [Legal Disclaimer](#)

Mars 2026



Stefna um opinbera þjónustu

| Stjórnarráð Íslands



Útgefandi:

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Stefna um opinbera þjónustu

Mars 2026

fjr@fjr.is

Umbrot og textavinnsla:

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

©2026 Fjármála- og efnahagsráðuneytið

ISBN [Færa inn ISBN-númer]

Efnisyfirlit

Inngangur	4
1. Lykilviðfangsefni	5
2. Framtíðarsýn.....	6
3. Markmið	7
3.1 Betri þjónusta.....	7
3.1.1 Helstu áherslur til að ná fram ofangreindu markmiði	7
3.2 Aðgengilegri þjónusta	8
3.2.1 Helstu áherslur til að ná fram ofangreindu markmiði	8
3.3 Hagkvæmari þjónusta	8
3.3.1 Helstu áherslur til að ná fram ofangreindu markmiði	9
4. Viðaukar	10
4.1 Niðurstöður samráðs	10

Inngangur

Stefna um opinbera þjónustu er nú sett í fyrsta skipti á Íslandi. Öll nýtum við opinbera þjónustu í daglegu lífi og því hefur hún áhrif á okkur öll.

Stefnumótunin byggir á þörfinni á að tryggja góða og hagkvæma þjónustu á Íslandi út frá þörfum notenda.

Viðfangsefnið er yfirgripsmikið þar sem snertifletir hins opinbera eru margir og þjónustuaðilar fjölbreyttir. Samfélagið tekur hröðum breytingum vegna þátta eins og breyttrar aldurssamsetningar, aukins fjölbreytileika og hraðra tæknibreytinga. Stafvæðing er ein umfangsmesta breytingin sem á sér stað, rekin áfram af breyttum þörfum almennings fyrir skjóta og aðgengilega þjónustu hvar og hvenær sem er.

Ný stefna sækir styrk sinn í þá miklu framför sem orðið hefur undanfarin ár á opinberri þjónustu, ekki síst á grunni stafrænna lausna. Þessi árangur hvílir meðal annars á tveimur meginstöðum: Öflugum fjarskiptatengingum og mikilli tæknifærni almennings. Áhersla verður lögð á að viðhalda þeim árangri sem náðst hefur með það að markmiði að bæta þjónustuna áfram og auka þannig traust á hið opinbera og tryggja hagsæld og verðmætasköpun hér á landi.

Stefnan byggir á víðtæku samráði við almenning, umsögnum hagsmunasamtaka og opinberra aðila. Stefnan tekur til þjónustu ríkis og sveitarfélaga til að tryggja samþættingu þjónustu. Hún tekur mið af fyrri stefnumótun, svo sem stafrænni stefnu um opinbera þjónustu frá 2021, sem nú rennur saman við nýju stefnuna, og hefur að geyma lykilviðfangsefni úr stöðumati sem tók mið af samráði við almenning og stjórnendur og starfsfólk hins opinbera, útgjaldagreiningu, þjónustugreiningu og samfélags- og umhverfispáttum. Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur leitt stefnumótunarvinnuna í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og önnur ráðuneyti.

1. Lykilviðfangsefni

Við gerð stefnunnar var gert ítarlegt stöðumat sem varpaði ljósi á bæði styrkleika og aðkallandi áskoranir í rekstri og þjónustu hins opinbera. Niðurstöðurnar sýna skýrt að til að tryggja traust og velferð til framtíðar verður stjórnsýslan að bregðast við breyttri samsetningu þjóðarinnar, kröfum um aukið aðgengi og þörfinni fyrir sjálfbæran rekstur.

Á grunni þessarar greiningar hafa verið skilgreind **þrjú lykilviðfangsefni** sem mynda kjarnann í vegferðinni fram undan. Þessi viðfangsefni eru samtvinnuð og mynda grunninn að þeim breytingum sem nauðsynlegar eru til að stjórnsýslan standist væntingar almennings og atvinnulífs um framúrskarandi þjónustu.

Bætt gæði og þjónustustig: Halda þarf áfram að bæta gæði þjónustunnar með innleiðingu lausna þar sem þarfir notenda eru í fyrirrúmi. Efla þarf starfsfólk til að sinna mismunandi notendum og þjónustuleiðum.

Aukið aðgengi og jafnræði: Tryggja verður að allir notendur hafi gott aðgengi að þjónustu að teknu tilliti til mismunandi getu, þarfa og búsetu.

Hagræðing og aukin skilvirkni: Leita þarf leiða til að hagræða og auka skilvirkni í rekstri með eflingu nýsköpunar, tæknilausna, hagnýtingu gagna, aukinni samvinnu og samræmingu, og eflingu stofnana og sveitarfélaga. Þá þarf stöðugt að huga að umhverfisáhrifum við veitingu þjónustunnar.

2. Framtíðarsýn

Á Íslandi er veitt framúrskarandi opinber þjónusta. Þjónustan er öllum aðgengileg á notendavænan og skilvirkan hátt. Þjónustan er samræmd, gagnsæ og hagkvæm og styður þannig við traust, verðmætasköpun og bætt lífskjör á Íslandi.

3. Markmið

Markmið stefnunnar eru þrjú og endurspeгла þær áskoranir sem greindar hafa verið. Á grunni markmiðanna eru settar áherslur til næstu ára sem aðgerðaáætlun stefnunnar byggir á. Þá verða settir fram mælikvarðar til að fylgjast með árangri.

1 **Betri þjónusta**

2 **Aðgengilegri þjónusta**

3 **Hagkvæmari þjónusta**

3.1 Betri þjónusta

Þetta markmið er kjarninn í þeirri framtíðarsýn að á Íslandi sé veitt framúrskarandi opinber þjónusta sem nýtur trausts og mætir þörfum samtímans. Markmiðið er bein viðbrögð við niðurstöðum samráðs, þar sem notendur og hagsmunaaðilar bentu meðal annars á að flækjustig kerfisins væri hindrun í samskiptum við hið opinbera.

Lögð verður áhersla á að einfalda ferla með það að markmiði að stjórnsýslan virki sem ein heild í augum notandans. Með því að hafa notendur í öndvegi og hanna lausnir út frá raunverulegum þörfum þeirra, fremur en kerfislægum forsendum, er stefnt að því að draga úr sóun og auka gæði. Þjónusta verður bætt fyrir bæði einstaklinga og atvinnulíf.

3.1.1 Helstu áherslur til að ná fram ofangreindu markmiði

Notendamiðuð þjónusta: Lausnir eru hannaðar út frá þörfum notenda. Þjónusta hins opinbera skal vera í stöðugri þróun út frá gögnum og breyttum þörfum samfélagsins.

Samþætt þjónusta: Notendur eiga að upplifa samfellu óháð því hver veitir þjónustuna. Áhersla er á lífsviðburði, forvirka þjónustu og þjónustu á milli landamæra.

Aukið upplýsingaöryggi: Opinber þjónusta á að vera traust með áherslu á net- og upplýsingaöryggi í allri starfsemi.

Aukinn hraði þjónustu með sjálfvirkni: Nýta skal sjálfvirkni og gervigreind til að auka hraða og gæði, en aldrei þannig að halli á réttindi eða sanngjarna málsmeðferð. Sjálfvirkni eykur skilvirkni og losar um tíma sérfræðinga til að sinna þeim málum sem krefjast mannlegrar aðkomu.

Efling starfsfólks: Fjárfest verði markvisst í endurmenntun starfsfólks til að stuðla að faglegri þjónustu, svo sem í þjónustufærni og stafrænni umbreytingu. Tryggja skal virka aðkomu starfsfólks að innleiðingu breytinga til að nýta

þekkingu þess og viðhalda starfsánægju, enda er ánægt starfsfólk forsenda framúrskarandi þjónustu.

Sveigjanleg stjórnsýsla: Stjórnsýslan skal búa yfir viðnámsþrótti og getu til að bregðast hratt við óvæntum áskorunum og samfélagsbreytingum.

3.2 Aðgengilegri þjónusta

Opinber þjónusta er fyrir okkur öll, óháð stöðu eða getu. Litið er á stafræna tækni sem grundvöll þess að bæta jafnræði þar sem vel hönnuð stafræn þjónusta stórbætir aðgengi, ryður úr vegi hindrunum tengdum búsetu eða opnunartíma og eykur sjálfstæði notenda.

Jafnframt er tekið mið af því að fólk hefur mismunandi getu og vilja til að nýta tæknina. Til að tryggja jafnræði verður lögð áhersla á að þjónusta sé áfram veitt eftir mismunandi þjónustuleiðum.

Þá verður unnið að því að bæta aðgengi fatlaðs fólks að stafrænum lausnum og að efla stafræna færni almennings með stuðningi og fræðslu. Þótt stafrænar lausnir séu efldar er það grundvallaratriði að samhliða þeim standi ávallt til boða aðgengileg mannleg þjónusta. Þannig er tryggt að tæknin nýtist sem flestum en að skortur á tæknifærni leiði aldrei til útilokunar eða réttindamissis.

3.2.1 Helstu áherslur til að ná fram ofangreindu markmiði

Stafrænt fyrst: Meginreglan er að stafrænar lausnir séu fyrsta snerting almennings við hið opinbera. Ísland.is er þjónustugátt hins opinbera og markmiðið er að almenningur getir nálgast alla opinbera þjónustu á einum stað.

Þjónusta í persónu: Áfram verður boðið upp á leiðir fyrir þau sem ekki geta eða vilja nýta stafræna tækni. Þjónusta í persónu skal vera sýnileg og aðgengileg þannig að notendur fái jafn góða úrlausn mála hvort sem þeir nýta stafrænar lausnir eða þjónustu í persónu.

Aðgengi fyrir öll: Tryggja verður að allir notendur hafi gott aðgengi að þjónustu út frá mismunandi getu, þörfum og búsetu. Unnið verði að eflingu stafrænnar færni og bættu aðgengi að stafrænni þjónustu fyrir fatlaða, aldraða og þau sem hafa íslensku sem annað tungumál.

Opin stjórnsýsla: Opinber þjónusta skal vera gagnsæ, og fólki skal tryggt tækifæri til þátttöku og ábyrgð í ákvarðanatöku og framkvæmd. Upplýsingum frá hinu opinbera skal miðlað á skilvirkan og aðgengilegan hátt.

3.3 Hagkvæmari þjónusta

Markmiðið styður við framtíðarsýn um hagkvæma og skilvirka þjónustu sem skilar hámarks virði fyrir samfélagið. Það svarar ákalli úr samráði um hagsýni og skynsamlega nýtingu fjármuna, þar sem áhersla er lögð á að einfalda stjórnkerfið, styrkja faglegar einingar og draga úr sóun.

Til að mæta áskorunum sem fram komu í stöðumati um skort á samvinnu og flókið regluverk verður lögð áhersla á að ryðja úr vegi hindrunum sem hamla sveigjanleika. Hvatt verður til aukinnar samnýtingar á innviðum og þekkingu. Með því að virkja gögn sem stefnumótandi auðlind og fjárfesta markvisst í upplýsingatækni verður til jarðvegur fyrir nýsköpun, gagnadrifna ákvarðanatöku og hraðari þjónustuþróun.

3.3.1 Helstu áherslur til að ná fram ofangreindu markmiði

Skynsamleg nýting opinberra fjármuna: Opinberum rekstri sé stýrt með áherslu á virði og samfélagslegan ávinning. Reglulegar útgjaldagreiningar verði framkvæmdar til að forgangsraða fjármunum upp á nýtt í þágu betri þjónustu.

Aukin samvinna og efling stofnana og sveitarfélaga: Leitað verði leiða til að styrkja stofnanir og sveitarfélög og auka samvinnu milli stjórnsýslustiga til að draga úr tvíverknaði og auka hagkvæmni.

Upplýsingatækni eflid: Áfram verði fjárfest í öruggri og sveigjanlegri upplýsingatækni meðal annars í samvinnu við fjölbreyttan hóp fyrirtækja og hún nýtt í þágu almennings.

Hagnýting gagna aukin: Notkun gagna innan hins opinbera verður aukin og aðgengi að opnum gögnum bætt. Meginreglan er að einungis þurfi að skrá gögn einu sinni í samskiptum við hið opinbera og að gögn ferðist á milli stofnana í stað þess að fólk þurfi að flakka á milli.

Einföldun regluverks: Unnið verður markvisst að því að einfalda regluverk með það fyrir augum að bæta þjónustu.


Nýsköpun eflid: Hvatt verður til nýsköpunar innan stjórnsýslunnar við að þróa lausnir sem bæta þjónustu. Hið opinbera nýti nýsköpunarmiðuð innkaup til að kalla eftir lausnum frá markaðnum á samfélagslegum áskorunum, í stað þess að lýsa nákvæmlega eftir tiltekinni vöru.

4. Viðaukar

4.1 Niðurstöður samráðs

Víðtækt samráð var haft við greiningu á tækifærum og áskorunum líkt og gert er grein fyrir í [stöðumati og valkostagreiningu](#) sem er undanfari stefnumótunarinnar. Þá var stöðumat og valkostir birt í [samráðsgátt stjórnvalda](#) þar sem bárust sex umsagnir. Umsagnirnar komu frá breiðum hópi hagsmunaaðila. Heildarniðurstaðan úr opnu samráði sýnir almennan stuðning við stefnumótunina svo sem varðandi mikilvægi þess að aðgengi að þjónustu sé gott, réttmæti ákvarðana sé tryggt og gögn nýtt til hagsbóta fyrir samfélagið.

Tekið var mið af umsögnum við gerð stefnunnar, þar sem flestar umsagnir voru í takti við stöðumat og valkosti urðu innsendar umsagir ekki til þess að breyta innihaldi stefnunnar. Að því sögðu þá höfðu umsagnir þau áhrif að draga fram mikilvægi þess að til staðar séu fjölbreyttar þjónustuleiðir og aðgengi sé tryggt. Þá er sérstaklega tekið fram að hið opinbera sé í samvinnu við einkaaðila þegar kemur að upplýsingatækni og lögð sérstök áhersla á opin gögn og nýsköpun sem leið til að opna á samvinnu við fyrirtækin í landinu. Mikilvægi þátttöku starfsfólks í umbreytingum er einnig dregið fram.



Til umsagnar 529. mál og 530. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis

From Sigrún Helga Sigurjónsdóttir <sigrunhelga@althingi.is>

Date Tue 2026-03-24 14:20

24. mars 2026

Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis.

Atvinnuveganefnd Alþingis sendir tvö mál til umsagnar:

* [529. mál – Lagareldi](#)

* [530. mál – Lax- og silungsveiði o.fl. \(bætt lagaumgjörð\)](#)

Umsagnir skal senda í gegnum [umsagnagátt Alþingis](#) og hægt er að senda inn um annað hvort málið en umsagnir verða skráðar við bæði

Frestur til að senda inn umsögn er **til og með 10. apríl nk.**

Tekið skal fram að þeim sem fá mál til umsagnar er ekki skylt að bregðast við og ekki þarf að senda sérstaka tilkynningu ef engar athugasemdir eru.

Umsagnir og gögn um þingmálið birtast á vef Alþingis undir **erindi og umsagnir** á síðu viðkomandi þingmáls í samræmi við [starfsreglur fastanefnda](#).

[Leiðbeiningar um ritun umsagna](#) er að finna á vef Alþingis.

Kveðja,



Sigrún Helga Sigurjónsdóttir

Sérfræðingur

Nefndadeild

563 0500



Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.

[Fyrirvari/Disclaimer](#)

Til umsagnar 565. mál frá nefna- og greiningarsviði Alþingis

From Sigrún Helga Sigurjónsdóttir <sigrunhelga@althingi.is>
Date Thu 2026-03-26 11:17

26. mars 2026

Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar [565.mál – verndar- og orkunýtingaráætlun \(vindorka og verndarflokkur\)](#)

Umsagnir skal senda í gegnum [umsagnagátt Alþingis](#).

Frestur til að senda inn umsögn er **til og með 14. apríl nk.**

Tekið skal fram að þeim sem fá mál til umsagnar er ekki skylt að bregðast við og ekki þarf að senda sérstaka tilkynningu ef engar athugasemdir eru.

Umsagnir og gögn um þingmálið birtast á vef Alþingis undir **erindi og umsagnir** á síðu viðkomandi þingmáls í samræmi við [starfsreglur fastanefnda](#).

[Leiðbeiningar um ritun umsagna](#) er að finna á vef Alþingis.

Kveðja,



Sigrún Helga Sigurjónsdóttir

Sérfræðingur
Nefndadeild
563 0500



Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.

[Fyrirvari/Disclaimer](#)

Til umsagnar 568. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis

From Jón Ingvi Ingimundarson <jon.i.ingimundarson@althingi.is>
Date Fri 2026-03-27 12:24

27. mars 2026

Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis.

Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar [568. mál - Stofnun atvinnuveganna](#)

Umsagnir skal senda í gegnum [umsagnagátt Alþingis](#).

Frestur til að senda inn umsögn er **til og með 15. apríl nk.**

Tekið skal fram að þeim sem fá mál til umsagnar er ekki skylt að bregðast við og ekki þarf að senda sérstaka tilkynningu ef engar athugasemdir eru.

Umsagnir og gögn um þingmálið birtast á vef Alþingis undir **erindi og umsagnir** á síðu viðkomandi þingmáls í samræmi við [starfsreglur fastanefnda](#).

[Leiðbeiningar um ritun umsagna](#) er að finna á vef Alþingis.

Kveðja,



Jón Ingvi Ingimundarson

Sérfræðingur
Nefnda- og greiningarsvið
563 0500



Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.

[Fyrirvari/Disclaimer](#)